

Fræðslunefnd

FUNDUR – 16. september 2009

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduósbæjar vegna leikskóla, miðvikudaginn 16. september 2009 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Héðinn Sigurðsson boðaði forföll. Auðunn Steinn Sigurðsson formaður stjórnaði fundinum.

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2009-2010
2. Kynning á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla frá 03.07.2009
3. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Formaður setti fund og gaf Jóhönnu leikskólastjóra orðið. Hún fór yfir skóladagatal 2009-2010. Börn í leikskólanum eru 54. Stelpur 29 og strákar 25. Nýjung í starfi leikskólans er samstarf og samvinna milli Barnabæjar og Vallarbóls með elstu börnin.
2. Jóhanna kynnti reglugerð um starfsumhverfi leikskóla frá 03.07.2009.
3. Önnur mál. Jóhanna kynnti að nýtt er í lögum að það eigi að vera foreldraráð í leikskólum. Jóhönnu var falið ásamt fulltrúa foreldra að kynna sér þetta betur.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 18:20

Auðunn Steinn Sigurðsson
Heiðrún Edda Bjarkadóttir
Árný Þóra Árnadóttir

Jakobína Halldórsdóttir

Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri
Harpa Hermannsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans.
Gerður Beta Jóhannsdóttir fulltrúi foreldra leikskólans.